

# Reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði starfsmanna sunnlenska.is

Stjórn Tveggja stjarna ehf, eiganda fréttavefsins sunnlenska.is hefur sett sér reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði starfsmanna, eins og kveðið er á um í 24. gr. laga nr. 38/2011.

## 1. Eigendur og sérhagsmunir

Ritstjórnarlegt sjálfstæði felst í frelsi ritstjóra sunnlenska.is til að taka ákvarðanir án afskipta frá eigendum eða stjórnendum Tveggja stjarna ehf, enda er ritstjóri ráðinn til að framfylgja almennt í störfum sínum grundvallarsjónarmiðum og markmiðum eiganda og stjórnenda blaðsins.

Það er stefna sunnlenska.is að í umboði ritstjóra hafi starfsmenn á ritstjórni fullt ritstjórnarlegt sjálfstæði. Í því felst að þeir þurfa ekki að taka tillit til skoðana eða hagsmuna eigenda eða viðskiptamanna sunnlenska.is, ef siðareglur Blaðamannafélags Íslands, samviska þeirra eða sannfæring segir þeim annað. Blaðamanni verður ekki gert að vinna verkefni sem stangast á við sannfæringu hans eða samvisku eða verkefni sem kunna að teljast á einhvern hátt niðurlægjandi. Blaðamaður tekur ekki við verkefnum frá öðrum en ritstjóra.

Blaðamenn eiga rétt á að vera upplýstir um það verði umræða um skrif þeirra meðal eigenda eða stjórnenda sunnlenska.is.

## 2. Ritstjórnarstefna

Ritstjórnarlegt sjálfstæði tekur mið af og takmarkast af ritstjórnarstefnu blaðsins. Séu verkefni þau sem blaðamanni er falið að vinna sannarlega innan ramma skilgreindrar og yfirlýstrar ritstjórnarstefnu, ber honum að sinna þeim og ekki vinna gegn þeim. Ritstjóri er ábyrgur fyrir túlkun og framkvæmd ritstjórnarstefnu og er það alla jafna í hans valdi að túlka stefnu og forgangsraða verkefnum.

## 3. Starfsskilyrði ritstjórnar

Blaðamönnun ber að fá tíma og aðstöðu til að setja sig inn í mál. Skulu þeir fá tækifæri til að vinna þau á þann hátt sem þeir telja réttast og nota þau efnistök sem þeir telja best án afskipta ritstjóra, nema eftir því sé falist af hálfu blaðamanns. Úrslitavalld um hvernig efni birtist er þó á valdi ritstjóra. Blaðamenn sunnlenska.is hafa tillögurétt þegar kemur að því að velja efni og hvernig úr því er unnið. Sé frétt og nálgun blaðamanns í tilteknu máli breytt í veigamíklum atriðum á viðkomandi blaðamaður rétt á skýringum ritstjóra á breytingunum.

## 4. Skilyrði uppsagnar

Ekki er hægt að segja upp fastráðnum starfsmönnum án skriflegrar skýringar. Gildir það án tillits til ástæðu uppsagnarinnar og eru slíkar skýringar ekki einkamál viðkomandi blaðamanns og eiganda sunnlenska.is nema blaðamaður óski þess sérstaklega.

Stóru-Sandvík, 1. febrúar 2012



Guðmundur Karl Sigurdórsson,  
stjórnarformaður Tveggja stjarna ehf.